



AKÍS kynnr með stolti möguleika fyrir unga yfirburða ökumenn!

Frá þriðjudeginum 28. október til föstudagsins 31. október 2014 verður haldinn í Hollandi fyrsti þjálfunar- og úrtaks viðburðurinn fyrir Norð-Austur Evrópu.

AKÍS má tilnefna einn ökumann til að taka þátt í þessari þjálfun og vali á keppendum sem komast áfram.

Opið verður fyrir tilnefningar frá 1.-15. september 2014.

Óskað er eftir tilnefningum frá keppnisráðum í öllum greinum akstursíþróttá.

Samtals verða 6 úrtaks viðburðir um allan heim og tækifæri fyrir fjölmarga unga ökumenn til að læra meira um ólíka þætti akstursíþróttá.

Einn keppandi frá hverjum viðburði kemst áfram, ásamt 4 „wildcard“ keppendum sem FIA telur hæfa – samtals 10 keppendur.

2014-15 akademían býður upp á fullkomna þjálfun til að styðja unga ökumenn til frekari frama í akstursíþróttum ásamt því að auka þekkingu á öryggisatriðum og góðum íþróttanda hvort sem er á braut eða utan. Ökumenn njóta leiðsagnar fyrirverandi Formulu 1 ökumannsins Alex Würz ásamt fyrirverandi WRC meistara aðstoðarökumanna Robert Reid.

AKÍS hvetur keppnisráð til að nýta þetta tækifæri og tilnefna ökumann. Þetta er frábært tækifæri fyrir unga ökumenn að fá heimsklassa þjálfun alþjóðlegra meistara og færa þekkinguna aftur til Íslands ásamt því að hitta unga ökumenn í svipuðum sporum frá öðrum löndum.

Skilyrði ökumanna:

- Eiga að vera milli 15 og 23 ára þann 1. nóvember 2014
- Hafa það langtímamarkmið að keppa í fremstu röð í alþjóðlegum akstursíþróttum og sjá fram á leið að því marki
- Vera a.m.k. á fyrsta ári í keppni á braut eða í rally (en hafa ekki keppt lengur en í fjögur ár á braut eða fimm ár í rally – athuga að keppendur mega ekki hafa keppt í Formula One, IndyCar, GP2 eða WRC (World Rally Car))



- Ökumenn fá hærri forgang ef þeir hafa:
 - Endað í einu af þremur efstu sætum í unglingsflokki eða „single make“ flokki
 - Endað í einu af fimm efstu sætum í Íslandsmóti
 - Endað í einu af tíu efstu sætum í FIA móti
- Vera með gilt keppnisskírteini AKÍS
- Staðfesting á að vera í rúmlega meðallagi góðri líkamlegri þjálfun
- Geta talað og skrifað ensku nægilega vel
- Vera reiðubúin að gera allt sem í sínu valdi stendur til að mæta á alla viðburði akademíunnar 2014-15 og hafa möguleika á að fjármagna þátttökuna
- Vera reiðubúin að skrifa undir samning við FIA Institue sem lýsir réttindum og skyldum meðan á dvöl stendur ásamt því að sinna hlutverki sem fulltrúi Íslands

Aðferð við val

Ef val er um fleiri en einn keppanda verða keppendur metnir út frá eftirfarandi punktatalningu:

Á þessu keppnistímabili

Íslandsmeistari	- 5 punktar
Annað sæti	- 3 punktar
Þriðja sæti	- 2 punktar
Fjórða sæti	- 1 punktur

Mætt í meirihluta keppna	- 2 punktar
Mætt í eina keppni	- 1 punktur

Á síðasta keppnistímabili

Íslandsmeistari	- 3 punktar
Annað sæti	- 2 punktar
Þriðja sæti	- 1 punktur

Mætt í meirihluta keppna	- 1 punktur
--------------------------	-------------

Á eldri keppnistímabili

Íslandsmeistari	- 1 punktur
-----------------	-------------

Tilnefningar óskast sendar á tölvupóstfang: asisport@isisport.is

Fyrir hönd stjórnar Akstursíþróttasambands Íslands,

Þrándur Arnpórsson
Framkvæmdastjóri AKÍS